


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ENS 303	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun vorönn 2013	

Kennarar	Erna H. Gunnarsdóttir, Guðjón Ólafsson, Harpa Jörundardóttir, Jónas Jónsson.	Sk.st.	EHG, GÓL, HJD, JÓJ
-----------------	--	---------------	--------------------

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemendur verði betur læsir á flóknari texta en í undanfarandi áföngum og geti greint dýpri merkingu þeirra. Lesin verða bókmenntaverk, þ.á.m. ein óstytt skáldsaga (val milli tveggja). Lesnir verða textar með áherslu á Ísland, land, þjóð og menningu. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð skoðanir sínar á skýran og rökrænan hátt í ræðu og riti. Farið verður ítarlega í uppbyggingu efnisgreina og ritgerða. Gert er ráð fyrir að nemendur kunnir og geti beitt helstu grunnmálfræðireglum enskrar tungu við lok áfangans án þess þó að um skipulega málfræðikennslu sé að ræða.

Markmið:

- ☞ Að nemandi geti lesið flókna texta um margvísleg málefni
- ☞ Að nemandi geti túlkað texta og áttað sig á dýpri merkingu hans
- ☞ Að nemandi læri og tileinki sér aðferðir við ritun efnisgreina og ritgerða
- ☞ Að nemandi geti tjáð sig skipulega og skapandi í rituðu og töluðu máli
- ☞ Að nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt og í hópum
- ☞ Að nemandi þjálfist í notkun tengiorða og samheita og orðmyndun í rituðu máli

Námsgögn:

Echoes of English ENS 303 vor 2013 ; Fjölritað hefti, fæst á skrifstofu.


Smásagan "Bloodflowers", fæst á skrifstofu. Annað ítarefni frá kennara og/eða á Moodle

Valbækur:

Suzanne Collins, *The Hunger Games* (allar óstyttar útgáfur)
Harper Lee, *To Kill a Mockingbird*, (allar óstyttar útgáfur)

Áætlun um yfirferð:

Vika	Almennt	Verkefni
2 - 5 8. jan. til 8. feb.	Kynning áfanga og kennsluáætlunar. Undirbúningur ritgerðar. Farið yfir þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða.	Nemendur skila beinagrind að ritgerð (2,5%) og síðan grófu uppkasti með tékklista (2,5%) . Að lokum skila þeir fullunninni ritgerð sem byggð er á efnisyrðingu (thesis) og upp sett á hefðbundinn máta (15%) .
6 - 9 9. feb. til 1. mars	Lesnar skáldsögur og unnið með þær, einstaklingsbundið og í hópum. Leshringir og hópavinna með hverri bók.	Munnlegt próf (10%), framsaga (5%) auk skriflegs verkefnis (10%) í lok lotunnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	ENS 303 Kennsluáætlun vorönn 2013	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

10 - 12 4. mars til 22. mars	Unnið með texta og orðmyndun í textahefti.	Ýmis verkefni unnin heima, í tímum eða á Moodle.
14 - 18 3. apr. til 30. apr.	Unnið með texta og orðmyndun í textahefti. Smásagan "Bloodflowers" lesin og tímaverkefni unnið úr henni.	Ýmis verkefni unnin heima, í tímum eða á Moodle.

Vægi námsþátta:

Skáldverk	Munnlegt próf (10%), ritunarverkefni (10%), framsöguverkefni (hópverkefni) (5%) tengd skáldsögu.	25%
	Smásaga / Verkefni	5%
Ritun	Ritgerð byggð á efnisyrdingu (15%). Skil á beinagrind = 2,5%, skil á uppkasti = 2,5%	20%
Annað	Ástundun og þátttaka í kennslustundum	5%
Verkefni	Ýmis verkefni unnin heima, í tímum eða á Moodle	5%
Skriflegt	Lokapróf úr textum og orðmyndun	40%
Samtals:		100%

Námsmat

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn (1) fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það núll (0) í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara.

Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna, sem nemandi hefur skilað, **geti hann sýnt fram á réttmæt forföll**. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerðar eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning: 4. janúar 2013

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils